

SKÓLAÁRIÐ 2018 - 2019

Þriggja ára námsskipan



Menntaskólinn í Reykjavík

Velkomin í Menntaskólann í Reykjavík

Eldri nemendur eru boðnir velkomnir aftur til starfa að loknum sumarleyfum. Skólinn býður nýnema sérstaklega velkomna og vonast til að dvöl þeirra í honum verði ánægjuleg og lærdómsrík. Skólinn starfar í flestum húsum á reitnum milli Lækjargötu, Amtmannsstígs, Þingholtsstrætis og Bókhöðustígs (sjá mynd á bls. 2) en síðustu ár er oft talað um Menntaskólaþorpið. Litið er á skólasamfélag þetta sem nemendur og starfsfólk skólans mynda, sem nokkurs konar fjölskyldu og er það sameiginlegt markmið allra að hver nemandi fái að njóta sín innan skólafjölskyldunnar. Til að það markmið náist verða allir að sýna tillitssemi og vinna hörðum höndum. Nemendum og starfsfólki er óskað góðs gengis á skólaárinu. Menntaskólinn í Reykjavík er elsti skóli landsins en rekja má samfellda skólasögu frá Skálholtsskóla til dagsins í dag í 962 ár. Hér fylgir stutt ágríp af sögu skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík á rætur að rekja til biskupsstólsins í Skálholti sem stofnaður var árið 1056. Skólinn var fluttur til Reykjavíkur árið 1786 í hús á Hólavelli ofan Suðurgötu. Húsakynnin reyndust þar léleg og skólinn fékk inni á Bessastöðum árið 1805. Hann var starfræktur þar uns nýtt skólahús hafði verið reist í Reykjavík. Það var stærsta hús á landinu og þangað var skólinn fluttur haustið 1846. Hann nefndist *Reykjavíkur lærði skóli*, en var einnig kallaður *Reykjavíkurskóli* (*Schola Reykjavicensis* á latínu), *Lærði skólinn* eða *Latínuskólinn*.

Fram yfir aldamótin 1900 var mikil áhersla lögð á að kenna forn málin, latínu og grísku, enda má segja að vagma vestrænnar menningar hafi verið í Grikklandi og latína hafi um aldir verið heimsmál. Árið 1904 tók gildi ný reglugerð fyrir skólann. Kennslustundum í latínu fækkaði og grískukennslu var hætt til að rýma fyrir nýju námsefni. Þá nefndist skólinn *Hinn almenni Menntaskóli í Reykjavík*. Allir nemendur skólans lærðu sama námsefni fram til ársins 1919 þegar stærðfræðideild var stofnuð.

Skólinn hefur heitið *Menntaskólinn í Reykjavík* frá árinu 1937 og hann starfar nú í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 1999. Nýnemar sem hefja nú nám við skólann innritast á þriggja ára námsbrautir í samræmi við aðalnámskrá frá 2011 og með breytingum frá 2015. Skólinn hefur ávallt kappkostað að gera nemendur sína sem hæfasta til að stunda háskólanám og veitt þeim haldgóða menntun sem nýtist þeim hvert sem leið þeirra liggur að loknu stúdentsprófi. Svo að vel megi takast þurfa skólinn og nemendur hans jafnan að gera til sín miklar kröfur og setja markið hátt.

Rektor

Hús Menntaskólans



1. Skólahúsið	5. Casa Christi	9. Amtmannsstígur 2
2. Íþaka	6. Casa nova	10. Bílastæði kennara
3. Fjósið	7. Villa nova	P.A. Pallas Aþena
4. Íþróttahús	8. Elísabetarhús	

Menntaskólareiturinn

Skrifstofur skólans og rektors
 Kennarastofa
 Hátíðasalur
 Bókasafn skólans
 Lestrarsalur bókasafns
 Fundarherbergi, prófstjórar
 Margmiðlunarver
 Tölvuver nemenda
 Námsráðgjöf
 Félagsaðstaða nemenda
 Skrifstofa skólafélagsins
 Skrifstofa Framtíðarinnar
 Húsvörður

Á rishæð Skólahússins ①
 Á 2. hæð Skólahússins ①
 Á 2. hæð Skólahússins, norðurenda ①
 Í Íþöku, rishæð. Opíð kl. 8⁰⁰ – 16⁰⁰ ②
 Í Íþöku, jarðhæð. Opíð 8⁰⁰ – 18⁰⁰ ②
 Á rishæð Skólahússins, suðurenda ①
 Í Casa nova, kjallara, suðurenda ⑥
 Í Elísabetarhúsi, 3. hæð, stofa E304 ⑧
 Í Villa nova, kjallara ⑦
 Í kjallara Casa nova ⑥
 Á Amtmannsstíg 2, jarðhæð ⑨
 Á Amtmannsstíg 2, jarðhæð ⑨
 Í Villa nova, 2. hæð ⑦

Kennslustofur:

A, B, C, D, E, F, O, L	Á jarðhæð Skólahússins ①
G, H, I, J, T, Salur	Á 2. hæð Skólahússins ①
K, M	Í Fjósi ③ (K í norður-, M í suðurenda)
1, 2, 3, 4, 6, 7, 8, 9, 10	Í Casa Christi ⑤
C101	Í Casa nova, tengibyggingu, 1. hæð ⑥
C201–204	Í Casa nova, tengibyggingu, 2. hæð ⑥
C151–153	Í Casa nova, 1. hæð ⑥
C251–253	Í Casa nova, 2. hæð ⑥
E204	Í Elísabetarhúsi, 2. hæð ⑧
Náttúrufræðistofa	Í Elísabetarhúsi, stofa E301, 3. hæð ⑧
Efnafræðistofa	Í Elísabetarhúsi, stofa E201, 2. hæð ⑧
Eðlisfræðistofa	Í Casa nova, tengibyggingu, stofa C103, 1. hæð ⑥
Jarðfræðistofa	Í Elísabetarhúsi, stofa E101, 1. hæð ⑧

Heimilisfang skólans er:

Lækjargata 7, 101 Reykjavík

Símanúmer eru:

Skrifstofa	545 1900
Fax	545 1901
Kennarastofa	545 1950
Casa Christi	545 1954
Bókhlaðan Íþaka	545 1920
Námsráðgjöf	545 1929/545 1930
Skólafélagið	551 3180
Framtíðin	561 9250
Húsvörður	551 9544

Bókhlaðan Íþaka

Bókasafnið er opið mánudaga – föstudaga frá kl. 8⁰⁰– 16⁰⁰ og lestrarsalurinn frá kl. 8⁰⁰ – 18⁰⁰.

Á bókasafninu er m.a. að finna *bækur*, *tímarit*, *geislaplötur*, *hljómplötur*, *landakort*, *myndbönd* og *úrklippur*. Kennurum og nemendum er bent á að nýta sér safnið eftir föngum og leita óhikað aðstoðar starfsfólks.

Skólaárið

Skólaárinu er skipt í *haust-* og *vormisseri*. Á *haustmisseri* er kennt í rúmar 14 vikur og *misserinu* lýkur með tveggja vikna jólaþrófum í desember.

Á *vormisseri* er kennt í rúmar 14 vikur í neðri bekkjunum og vorþróf standa í þrjár vikur.

Öll próf í VI. bekk eru stúdentspróf en auk þess þreyta nemendur neðri bekkjanna stúdentspróf í vissum greinum (sjá töflu á bls.16).

Ekki er gert ráð fyrir upplestrarleyfi fyrir jólaþróf en reynt er að koma við upplestrarleyfi fyrir stúdentspróf um vorið. Stúdentspróf eru lokapróf í hverri námsgrein og er prófað úr námsefni eins eða fleiri vetra.

Mikilvægar dagsetningar skólaárið 2018 – 2019

Skólasetning	20. ágúst
Kennsla á haustmisseri	21. ágúst – 29. nóvember en í VI. bekk til 6. desember
Hausthlé	18.–21. október
Jólaþróf hefjast	30. nóvember
Kennsla á vormisseri hefst	4. janúar
Vorhlé	22.–25. febrúar
Dimissio	11. apríl
Síðasti kennsludagur	30. apríl
Vorþróf remanenta hefjast	2. maí
Einkunnabirting remanenta	28. maí
Prófsýning	29. maí
Skólaslit og brautskráning stúdenta	31. maí
Endurtökupróf	4. júní og 6. júní


Í skólanámskrá á heimasíðu skólans með vefslóðina www.mr.is er að finna m.a. upplýsingar um starfsfólk, deildarstjóra, fagstjóra, umsjónarkennara, viðtalstíma, bókalista, lýsingar á námsgreinum, námsbrautum og námstillhögun.

Öllum nemendum ber að vera við skólasetningu.

Bekkir, brautir og deildir

Námið í Reykjavíkurskóla tók lengst af sex vetur. Þegar Lærði skólinn varð almennur menntaskóli árið 1904 voru þrjú neðri bekkirnir gagnfræðadeild en efri bekkirnir lærdómsdeild. Fyrir rúmlega sjötíu árum var gagnfræðadeild lögð niður. Þeir sem hugðust stunda nám í menntaskóla tóku þá svonefnt landspróf miðskóla, en það var samræmt próf í öllum bóklegum greinum. Þessir nemendur fengu inngöngu í menntaskóla ef þeir höfðu meðaleinkunnina 6,0 eða hærra. Þeir settust þá í 3. bekk sem varð neðsti bekkur skólans.

Nýnemar sem hefja nám nú innritast á þriggja ára námsbraut og nefnist fyrsta námsárið 4. bekkur. Menntaskólinn í Reykjavík og fáeinir aðrir menntaskólar eru enn bekkjaskólar þar sem nemendur velja sér braut eftir áhugasviði. Við innritun í skólann velja nemendur að stunda nám á málbraut eða náttúrufræðibraut og velja þá þýsku, frönsku eða spænsku sem þriðja erlenda tungumál. Í 5. og VI. bekk klofnar málbraut í fernt, þ.e. tvær formáladeildir og tvær nýmáladeildir, og náttúrufræðibraut klofnar í tvær eðlisfræðideildir og tvær náttúrufræðideildir. Yfirlit yfir námsgreinar og stundafjölda á viku í hverjum bekk er sem hér segir:



Menntaskólinn í Reykjavík
Deildaskipting

Námsframboð í Menntaskólanum í Reykjavík

Yfirlit yfir fjölda vikustunda frá og með árinu 2016

	4		5						6									
	Mál	Nátt	Form I	Form II	Ným I	Ným II	Eðl I	Eðl II	Nátt I	Nátt II	Form I	Form II	Ným I	Ným II	Eðl I	Eðl II	Nátt I	Nátt II
Íslenska	4	4																
Danska	6	3																
Enska	5	4																
3. mál*	5	4																
Latína	4																	
4. mál*																		
Gríska																		
5. mál*																		
Saga og félagsfræði	4	4																
Lífleikni	1	1																
Félagsfræði																		
Stærðfræði	4	7																
Einafræði		3																
Lifraen einafræði																		
Jarðfræði	3	3																
Liffræði		3																
Eðlisfræði																		
Tölvufræði	2	2																
Íþróttir	2	2																
Víðskiptafræði																		
Forritun / Stjórnfræði																		
Fornfræði																		
Málvísindi																		
Menningarsaga																		
Valgreinar																		
Vikustundir alls	40	40	40	38	38	38	39	40	39	38	38	40	37	39	40	40	40	40

*) Franska, spænska eða þýska

Reglur um skólasókn

1. Um skólasóknarskyldu og skólasóknareinkunn

1.1. Nemendum skólans er skylt að sækja allar kennslustundir samkvæmt stundaskrá og koma stundvíslega í hverja kennslustund.

1.2. Gefin er einkunn fyrir skólasókn í 4. og 5. bekk. Forföll nemanda eru reiknuð sem hlutfall af heildartíma fjölda hvers misseris. Einkunn er ákvörðuð samkvæmt eftirfarandi einkunnastiga:

Skólasóknarhlutfall í %	Einkunn	Athugasemd (sjá 5.1-5.2)
97-100	10	
95-96	9	
93-94	8	
91-92	7	
89-90	6	
87-88	5	Viðvörðun
85-86	3	Rektorsáminning
80-84	1	
<80		Úrsögn úr skóla

1.3. Einkunn fyrir skólasókn vetrarins er talin með loka-einkunnum í námsgreinum þegar aðaleinkunn á ársprófi er reiknuð. Skólasóknareinkunn vetrarins er meðaltal skólasóknareinkunna haust- og vormisseris.

1.4. Nemendur VI. bekkjar fá ekki skólasóknareinkunn en viðvistarhlutfall síðasta árið er skráð á stúdentsskírteini þeirra.

1.5. **Nemendum ber sjálfum að fylgjast með skólasókn sinni.** Upplýsingar um hana er að finna í Innu, upplýsingakerfi framhaldsskólanna, sem nemendur hafa aðgang að. Ef nemendur telja eitthvað athugasemdi við viðveruskráninguna þarf að gera athugasemd eigi síðar en 3 vikum eftir skráningu. Slóðin er Inna.is og má finna á mr.is.

2. Um fjarvistaskráningu

2.1. Kennarar taka manntal í upphafi tíma og skrá í Innu, upplýsingakerfi framhaldsskólanna. Þessar skráningar eru **M, F eða S**.

a) **M** fær nemandi sem mætir í tíma.

b) **F** fær nemandi sem fjarverandi er og reiknast fjarvist í kennslustund sem *ein fjarverustund*.

b) **S** fær nemandi sem kemur of seint í kennslustund þ.e. eftir að manntali lýkur. **S** reiknast sem *hálf fjarverustund*. Nemandi fær þó **F** ef hann kemur 5 mínútum eftir að manntali lýkur. Í fyrstu kennslustund að morgni (þ. e. kl. 8:10) mega þó líða 10 mínútur áður en **F** er gefið.

3. Um fjarvistir í skyndiprófum og verkefnum og miklar fjarvistir í einni grein

3.1. Þátttaka nemenda í sérstökum verkefnum og æfingum er ófrávíkjanleg skylda og ber kennara að gefa einkunnina 0 þeim sem koma ekki í slíkar æfingar eða skila ekki verkefnum nema um sannanleg veikindi eða önnur óhjákvæmileg forföll sé að ræða. Slík veikindi eða forföll þarf að tilkynna áður en æfing er haldin eða verkefni skilað.

3.2. Sé um að ræða óeðlilegar fjarvistir í einni grein er kennara heimilt í samráði við fagstjóra að láta nemanda þreyta próf úr námsefni alls vetrarins að vori.

4. Um fjarvistir vegna veikinda og langtímavottorð

4.1. Tilkynna ber skólanum öll veikindaforföll að morgni hvers veikindadags, auk þess skal skila inn skriflegri staðfestingu frá forráðamanni eða aðstandenda innan þriggja daga frá síðasta veikindadegi. Ef veikindi vara í meira en fimm daga bera að skila inn læknisvottorði. Sé um langvarandi veikindi að ræða ber að skila inn langtímavottorði frá lækni. Fjarvistastig á veikindatímabili samkvæmt skriflegri staðfestingu falla niður.

4.2. Veikindi í prófum verður að tilkynna **að morgni prófdags** og ber að skila staðfestingu frá forráðamanni vegna þeirra **innan þriggja daga**.

4.3. Ef um langvarandi veikindi nemanda er að ræða ákveður stjórn skólans í ljósi langtímavottorðs hvort fella beri skólasóknareinkunn niður. Nemendur geta óskað eftir því að skýring á miklum fjarvistum vegna veikinda eða annarra óviðráðanlegra orsaka verði skráð á prófskirteini þeirra.

4.4. Langtímavottorðum skal skila til kennslustjóra og útbýr kennslustjóri kvittun fyrir skilum sem viðkomandi nemandi fær afrit af.

5. Um vítaverða óreglu í skólasókn og úrsögn úr skóla

5.1. Fari skólasókn nemanda niður fyrir 89% skal hann varaður við. Fari skólasókn nemanda niður fyrir 87% skal hann hljóta rektorsáminningu. Bæti nemandi ekki ráð sitt við áminningu metur skólaráð hvort óregla hans í skólasókn telst vítaverð. Vítaverð óregla í skólasókn að mati skólaráðs er talin jafngilda úrsögn úr skóla. Skal nemanda tilkynnt um slíkt bæði munnlega og skriflega.

5.2. Fari skólasókn nemanda undir 80% telst hann sjálfkrafa hafa sagt sig úr skóla, enda hafi hann áður hlotið rektorsáminningu. **Er skólaráði þá ekki heimilt að leyfa honum frekari skólagöngu á skólaárinu nema mjög brýnar ástæður komi til.** Nemanda, sem þannig hefur sagt sig úr skóla, skal tilkynnt það bæði munnlega og skriflega.

6. Um verklega tíma í raungreinum

6.1. Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í alla verklega tíma og skili verkefnum í tengslum við þá vegna verklegra æfinga. Um vægi þessa námsþáttar má sjá í námskrá viðkomandi námsgreinar. Ef nemandi sækir ekki a.m.k. 75% verklegra æfinga og/eða skilar ekki a.m.k. 75% skýrslna fær hann 0 í verklegum þætti námseinkunnar.

7. Um óreglulega nemendur og utan skóla

7.1. Innritaður nemandi getur í upphafi misseris (fyrstu vikuna) sótt um það til skólaráðs að stunda nám við skólann á misserinu sem óreglulegur nemandi í þeim bekk sem hann er skráður í **ef sérstakar ástæður eru til**, enda hafi hann áður staðist næsta bekk á undan (sjá kaflann *Um einkunnir og próf*). Óreglulegur nemandi fær leyfi skólaráðs til að sækja tíma í allt að þremur greinum. Í þeim lýtur hann sömu lögmálum og reglulegir nemendur en í öðrum greinum er hann undir sömu reglum og utanskólanemendur (sjá grein 7.2).

7.2. Innritaður nemandi getur í upphafi misseris (fyrstu vikuna) sótt um það til skólaráðs að stunda nám utan skóla, en í sérstöku undantekningartilvikum getur nemandi orðið utan skóla á öðrum tímum. Utanskólanemandi tekur bæði jóla- og vorpróf. Einnig ígildi jólaprófs ef þau eru haldin, sbr. grein 2.3. í kaflanum um einkunnir og próf. Hann þarf að sækja alla **verklega tíma** og **skila öllum verkefnum** (skýrslum og ritgerðum) sem unnin eru utan kennslustunda. Aðra tíma má hann ekki sækja.

Utanskólanemendum ber sjálfum að afla sér upplýsinga um fyrirkomulag námsins, m.a. hvaða námsefni er til prófs. Fagstjórar geta ákveðið að utanskólanemendur taki próf úr meira námsefni en aðrir og komi það í stað verkefna sem aðrir nemendur hafa unnið um veturinn. Nemandi fær slíkar upplýsingar hjá fagstjóra sem og aðrar upplýsingar um námsefni.

7.3. Þegar nemandi verður óreglulegur eða utan skóla greiðir hann umsýslugjald samkvæmt gjaldskrá skólans og undirritar samning við stjórn skólans um tilhögun náms síns og skilyrði fyrir próftökurétti. **Nemandi þarf að uppfylla skilyrði um lágmarkspáttöku í verklegum greinum og skilum á verkefnum hvort misseri um sig. Að öðrum kosti fær hann 0 í verklega þættinum og hjá nemendum, sem eru utan skóla í verklegu námsgreininni, reiknast þessi einkunn inn í prófseinkunn. Enn fremur þarf hann að fullnægja skilyrðum um lágmarkseinkunn á jólaþrófum.**

7.4. Varðandi einkunnaútreikning óreglulegra nemenda og utan skóla vísast í greinar 3.1, 6.2 og 9.2 í kaflanum *Um einkunnir og próf*.

8. Um vottorð í íþróttum

8.1. Skila þarf vottorði frá **lækni** til skólans **innan tveggja vikna** frá upphafi hvers misseris (sjá grein 4.4). Nemendur eiga að mæta til fundar við íþróttakennara í upphafi misseris til samráðs um þáttöku og próf. Nemandi getur fengið að sleppa vissum prófum og fengið áfangann metinn án einkunnar, en fer það eftir eðli sjúkdóms. **Ef langtímaveikindi koma upp á miðju misseri skal skila vottorði sem fyrst og gildir það í mesta lagi tvær vikur afturvirkkt frá skiladegi.**

8.2. Sé fyrirsjáanlegt að þátttaka nemanda verði mjög lítil, segir hann sig úr íþróttum og velur aðra grein í staðinn. Telji nemandinn sig geta náð 80% þáttöku verði á það látið reyna fram að jólum, en nái hann ekki því lágmarki hættir hann í íþróttum og tekur bóklegar einingar í staðinn. Hætti nemandinn í íþróttum á vormisseri fær hann ekki einingar í íþróttum það misseri.

9. Um leyfi

9.1. Umsókn um leyfi frá skóla skal senda skólaráði með góðum fyrirvara en skólaráð heldur fundi á 1 – 2 vikna fresti.

9.2. Afgreiðsla skólaráðs vegna leyfa er með tvennum hætti. Annars vegar geta nemendur fengið leyfi án þess að fá fjarvistarstig og hins vegar með fjarvistarstigum. Hið fyrrnefnda á t.d. við um æfingar og keppni með íþróttafélögum að fenginni staðfestingu frá þeim. Hið síðarnefnda á t.d. við um fjölskylduferðir til útlanda.

9.3. Í sérstökum tilvikum getur rektor veitt tilteknum nemendum leyfi án fjarvistarstiga vegna atburða í félagslífi. Slík leyfi ná þó aldrei yfir kennslustundir þar sem æfingar eru haldnar eða skil eru á verkefnum. Rektor veitir heldur ekki slík leyfi þeim nemendum sem eru með ófullnægjandi skólasókn.

10. Um endurtekin brot

10.1 Ef nemandi verður uppvís að endurteknum brotum á skólareglum í tímum tiltekinna greinar er unnt að vísa honum úr þeirri grein út skólaárið. Hann fær þá 0 í æfingum og verkefnum frá þeim tíma sem reiknast inn í námseinkunn. Viðvera í greininni reiknast hins vegar til þess tíma er nemandanum var vísað úr greininni.

Skólareglur

Nemendum ber að kynna sér skólareglur. Þeir fá ekki skotið sér undan brotum á skólareglum með skírskotun til vanþekkingar á þeim.

1. Almennar reglur

1.1. Innan vébanda skólans gilda landslög sem skólareglur án þess að þeirra sé sérstaklega getið.

1.2. Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skal ríkja í samskiptum nemenda og starfsfólks. Háttvísi, þrúðmennsku og gott siðferði ber að viðhafa í skólanum og alls staðar þar sem komið er fram í nafni hans.

1.3. Ósæmileg hegðun nemanda gagnvart kennurum skólans, skólafélögum, starfsfólki skólans eða öðrum, innan skóla sem utan, getur varðað brottvísun úr skóla.

1.4. Virða skal markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvítvetna að varpa ekki rýrð á heiður hans.

2. Ástundun og hegðun í tímum

2.1. Sækja skal allar kennslustundir **stundvíslega**. Nánar er kveðið á um skólasókn í kaflanum *Reglur um skólasókn*.

2.2. Í kennslustundum skulu nemendur vera virkir, virða verkstjórn kennara og gæta þess að valda ekki ónæði.

2.3. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr kennslustund að gefnu tilefni, t.d. fyrir að spilla vinnufriði. Ef slíkt kemur fyrir oftari en einu sinni skal kennari tilkynna það skólastjórnendum sem taka þá málið til meðferðar.

2.4. **Notkun farsíma í kennslustundum er með öllu óheimil nema ef kennari ákveði annað. Slökkt skal vera á farsímum og þeir geymdir niðri í tösku.** Ef farsími veldur röskun á kennslu er kennara heimilt að víkja nemanda úr tíma. Reglan nær einnig til allra tækja sem geta valdið tilefnislausu ónæði í kennslustundum.

3. Umgengni

3.1. Nemendur skulu ganga hreinlega og þrúðmannlega um húsakynni og lóð skólans og má enginn skilja eftir sig rusl, hvorki innan dyra né utan. Nemendur skulu stuðla að því að kennslustofur og aðrar vistarverur skólans séu ávallt snyrtilegar.

3.2. Nemendur skulu ganga vel um allan tækjakost og muni skólans. Nemendum er óheimilt að nýta tæki sem er að finna í kennslustofum (t.d. hljómflytningstæki, tölvur og skjávarpa) nema til komi sérstakt leyfi kennara eða skólafyrirvalda. Nánar er kveðið á um umgengni og notkun á tölvum skólans í sérstökum reglum (sjá 7. kafla). Sérstakar reglur gilda um sérgreinastofur.

3.3. Ef nemendur verða valdir að skemmdum á húsakynnum eða munum skólans ber umsvifalaust að tilkynna slíkt húsverði eða skrifstofu. Nemendum getur verið gert að bæta skemmdir sem þeir valda.

4. Neysla matvæla

4.1. Leyfilegt er að neyta nestis í bekkjarstofum í frímínútum ef fullkomins hreinlætis er gætt. Neysla matvæla, drykkja og sælgætis í skólastofum og á göngum er að öðru leyti bönnuð.

4.2. Á bókasafni skólans, í sérgreinastofum og tölvuverum má hvorki neyta matar né drykkjar.

5. Bann við neyslu tóbaks, áfengis og vímuefna

5.1. Öll tóbaksnotkun og reykingar eru bannaðar í húsakynnum skólans og á lóð hans. Þetta á við um reykttóbak, neftóbak, munntóbak og rafrettur.

5.2. Neysla áfengis og annarra vímuefna er með öllu óheimil í húsakynnum skólans og á lóð hans. Ekki má hafa slíka vímuefna um hönd í skólanum eða koma til starfa undir áhrifum þeirra. Húsakynni skólans ná hér til allra þeirra húsa þar sem einhver starfsemi fer fram á vegum hans.

5.3. Neysla áfengis og annarra vímuefna er bönnuð á öllum samkomum, skemmtunum, námsferðum eða ferðalögum sem eru í nafni skólans. Einnig er með öllu óheimilt að vera undir áhrifum vímuefna við slík tækifæri.

6. Útgáfumál nemenda

6.1. Öll útgáfustarfsemi nemenda er á þeirra ábyrgð (ritstjóra, ritnefndar og greinarhöfundar). Þar skal gætt í hvívetna orðalags sem er kurteislegt og skólanum til sóma. Sama á við um alla fjölmiðlun nemenda, t.d. útvarpsstarfsemi, sem og það efni á vefsíðum nemenda og nemendafélaga sem fellur undir vefsvæði skólans.

6.2. Óviðurkvæmilegt eða ærumeiðandi orðalag í útgáfu nemenda, í hvers kyns fjölmiðlun þeirra, sem og á vefsíðum tengdum skólanum getur varðað brottrekstri úr skóla.

7. Reglur um tölvunotkun

7.1. Tölvubúnaður skólans er eign skólans og ætlaður til náms, kennslu, kynningar og annarra þátta sem samræmast markmiðum skólans. Nemendur, sem eru að vinna verkefni vegna náms, hafa forgang að tölvum í tölvuverum skólans.

7.2. Handhafi notandanafns er ábyrgur fyrir allri notkun þess. Aðeins einn nemandi hefur heimild til að nýta hvert notandanafn. Óheimilt er að lána öðrum notandanafn sitt og óheimilt er að reyna að tengjast tölvubúnaði skólans með öðru notandanafni en því sem nemandi hefur fengið úthlutað.

7.3. Óheimilt er að nota aðgang að neti skólans til þess að reyna að komast ólöglega inn á net eða tölvur í eigu annarra og einnig er óheimilt að sækja, senda, geyma eða nota á neti skólans forrit sem hægt er að nota til innbrota eða annarra skemmdarverka.

7.4. Óheimilt er að reyna að komast yfir gögn í eigu annarra notenda nema leyfi þeirra sé fyrir hendi og almennt er óheimilt að afrita hugbúnað eða gögn í eigu annarra án leyfis eiganda. Um allan hugbúnað gilda ákvæði höfundarréttarlaga og því er meginreglan sú að óheimilt er að afrita hugbúnað nema það sé tekið fram í notendaleyfi. Óheimilt er að afrita efni af netinu án þess að geta um heimildir.

7.5. Óheimilt er að villa á sér heimildir í samskiptum á netinu, svo sem með því að koma fram undir fölsku nafni í tölvupósti eða á spjallrásum. Óheimilt er að senda keðjubréf eða annan

ruslpóst. Óheimilt er að setja óparfa forrit eða gögn inn á gagnasvæði eða diska sem notendur hafa aðgang að.

7.6. Óheimilt er að reyna að breyta eða hafa áhrif á notkunarmöguleika annarra notenda. Óheimilt er að gera breytingar eða hafa áhrif á uppsetningar eða skjáborð tölvu, svo sem með því að fjarlægja eða breyta kerfisskrám, breyta bakgrunni, táknmyndum eða skjáhvíld sé það hægt.

7.7. Skólinn áskilur sér rétt til að meðhöndla gögn og notendanúmer eftir því sem þurfa þykir svo sem að fara yfir, skoða og eyða efni á gagnasvæðum.

7.8. Meðferð hvers konar matvæla er með öllu bönnuð í tölvuverum skólans.

7.9. Menntaskólinn í Reykjavík tengist netinu í gegnum Opin kerfi og eru notendur skuldbundnir til að fylgja almennum notkunarreglum:

- umferð frá almenningsnotendanöfnum eða fjölnotandanöfnum, sem ekki er unnt að auðkenna, er óleyfileg,
- notkun, sem truflar vinnu annarra á netinu eða netið sjálft eða veldur því að notendur eða tölvur tapa gögnum, er óleyfileg,
- efni, sem almennt telst ærumeiðandi eða meinfýsið, er óleyfilegt,
- hvers kyns óumbeðin fjöldadreifing á upplýsingum svo sem á auglýsingum, stjórn málaáróðri og keðjubréfum eða póstlistum, sem ekki viðkemur viðfangsefni listans, er óleyfileg,
- notkun, sem veldur umferð á neti tengdu OK-neti og fer í bága við notkunarskilmála þess nets, er óleyfileg.

7.10. Þessar reglur gilda um alla umferð á skólaneti skólans, heimasíðu skólans, starfsmanna, foreldrafélags og nemendafélaga. Brot á reglum um notkun skólanetsins geta leitt til þess að lokað verði fyrir aðgang viðkomandi nemanda að tölvukerfi skólans, auk viðurlaga sem gilda um brot á skólareglum, sbr. 9. kafla.

8. Meðferð ágreiningsmála og mála vegna brota á skólareglum

8.1. Leitast skal við að leysa ágreiningsmál innan skólans. Miðað er við að umsjónarkennarar og námsráðgjafi séu hafðir með í ráðum við meðferð ágreiningsmála sem varða skjólstæðinga þeirra.

8.2. Rísi ágreiningur milli nemenda, kennara og/eða annarra starfsmanna skólans og takist hlutaðeigandi ekki að finna lausn á málinu má vísa því til rektors. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu rektors má vísa málinu til menntamálaráðuneytisins.

8.3. Telji nemandi, eða forráðamenn hans sé nemandi yngri en 18 ára, að brotið hafi verið á rétti nemandans, sbr. þessar skólareglur, þannig að ástæða sé til að bera fram kvörtun skulu þeir snúa sér til viðkomandi kennara, fagstjóra, umsjónarkennara eða rektors. Takist ekki að leysa málið tekur rektor það til umfjöllunar og ákvarðar um viðbrögð.

8.4. Brjótí nemandi skólareglur er honum veitt skrifleg viðvörðun áður en til áminningar kemur nema brotið sé þess eðlis að því verði ekki við komið, svo sem brot á almennum hegningarlögum. Fáí nemandi áminningu skal hún vera skrifleg þar sem fram kemur:

- tilefni áminningar og þau viðbrögð sem fylgja í kjölfarið brjótí nemandi aftur af sér,
- að nemandanum sé gefinn kostur á að andmæla áminningu og skal tímafrestur hans til þess tilgreindur.

8.5. Brjótí ólöggráða nemandi reglur skólans eru foreldrar/forráðamenn látnir vita um það. Við meðferð mála skal sérstaklega gæta ákvæða stjórnslulaga nr. 37/1993, laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og upplýsingalaga nr. 50/1996 sem og reglugerðar Mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 5. apríl 2016.

8.6. Leitast skal við að afgreiða brot á skólareglum með skjótum hætti.

9. Viðurlög vegna brota á skólareglum

9.1. Nemendum ber að kynna sér skólareglur. **Þeir fá ekki skotið sér undan brotum á skólareglum með skírskotun til vanþekkingar á þeim.**

9.2. Skólaráð fjallar um öll alvarleg brot á skólareglum.

9.3. Í samráði við skólaráð ákveður rektor hvaða viðurlögum skuli beitt vegna alvarlegra brota á skólareglum.

9.4. Viðurlög við broti á skólareglum geta verið eftirfarandi, eftir því hve skólayfirvöld telja brotið alvarlegt:

- Viðvörðun kennara eða umsjónarkennara.
- Rektorsáminning.
- Brottrestur í allt að fimm skóladaga.
- Brottrestur úr skóla út skólaárið.
- Endanlegur brottrestur úr skóla.

Um einkunnir og próf

1. Almenn ákvæði

1.1. Menntaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og námsmat hans lýtur þeim ákvæðum *Aðalnámskrár framhaldsskóla* sem eiga við um slíka skóla.

2. Um próftökutímabil og lengd prófa

2.1. Tvö próftímabil eru í öllum bekkjum, jólaþróf og vorþróf, og fara þau fram í desember og apríl-maí.

2.2. Jólaþróf og vorþróf, önnur en stúdentsþróf, eru oftast 1½ klst. Endurtökupróf eru 2½ klst. Stúdentsþróf eru yfirleitt 2 klst. ef prófað er úr einu námsári, en oftast 3 klst. ef námeftnið nær yfir 2 ár eða fleiri. Að auki eru munnleg próf í sumum greinum.

2.3. Í VI. bekk eru haldin jólaþróf í aðalgreinum brautar og sögu. Í öðrum greinum byggist jólaþrófseinkunn annaðhvort á vinnu nemenda á haustmisseri eða prófi sem tekið er áður en kennslu lýkur á haustmisseri.

3. Um námsmat og einkunnakvarða á ársþrófum í 4. og 5. bekk

3.1. Lokaeinkunn í hverri grein á ársþrófi er meðaltal jólaþrófseinkunnar, vorþrófseinkunnar og námseinkunnar. Námseinkunn er gefin í öllum greinum fyrir frammistöðu í kennslustundum, í skriflegum æfingum (þrófum) og fyrir almenna ástundun nemandans. Sjá sérstaklega ákvæði í grein 3.1 í kaflanum *Reglur um skólasókn*.

Hjá nemendum, sem fá ekki námseinkunn í tiltekinni grein á ársþrófi (t.d. óreglulegum eða utan skóla), er lokaeinkunnin meðaltal jólaþrófs og vorþrófs.

Varðandi lokaeinkunnir er einnig rétt að benda á ákvæði í grein 6.4.

3.2. Jólaþrófs-, vorþrófs- og námseinkunnir í einstökum greinum á ársþrófum eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10 en lokaeinkunn hvorrar greinar er gefin í heilum og hálfum tölum frá 1 til 10.

3.3. Aðaleinkunn á ársþrófi er vegið meðaltal lokaeinkunna að meðtalinni einkunn fyrir skólasókn (sjá nánar um hana í grein 1.3 í kaflanum *Reglur um skólasókn*). Aðaleinkunn er reiknuð að loknum vorþrófum. Vægi einkunna fer eftir einingafjölda í hverri þrófgrein. Ef gefnar eru fleiri en ein einkunn í grein skiptist einingafjöldinn milli þeirra. Skólasókn vegur tvær einingar. **Lágmark aðaleinkunnar er 5,0.** Þeir sem eru undir lágmarkinu 5,0 teljast fallnir.

3.4. Lágmark vorþrófseinkunnar í námsgrein á ársþrófi er 4. Enn fremur verða samanlagðar einkunnir jólaþrófs og vorþrófs að vera 7 eða hærrí. Sé um tvö próf í námsgrein að ræða (eins og t.d. í ensku á málabraut og í stærðfræði víða á náttúrufræðibraut) verða nemendur að ná framangreindu lágmarki í hvoru þrófi til að standast greinina.

Sé nemandi undir lágmarki í þremur eða fleiri greinum á ársþrófi telst hann fallinn. Ákvæði um þá, sem eru undir lágmarki í einni eða tveimur greinum en hafa aðaleinkunn 5,0 eða hærrí, er að finna í grein 4.1.

3.5. Þó að vegið meðaltal einkunna á jólaþrófi sé undir 5,0 verður nemandi leyft að sitja í skólanum á síðara misseri með því skilyrði að hann taki sig verulega á og skólasókn á síðara misseri verði óaðfínanleg.

3.6. Ef nemandi endurtekur bekk getur hann sótt um til skólaráðs að fá að sleppa þeim greinum sem hann hefur náð lokaeinkunninni 6 eða hærra. Ef nemandi sleppir grein á þennan hátt reiknast hún ekki með inn í aðaleinkunn.

3.7. Falli nemendi tvisvar á sama bekk er honum ekki lengur heimilt að stunda nám við skólann.

4. Um endurtökupróf í 4. og 5. bekk

4.1. Nemandi, sem hefur aðaleinkunn 5,0 eða hærra í lok skólaárs en hefur hlotið einkunn undir lágmarki í einni eða tveimur greinum (sbr. grein 3.4), hefur heimild til þess að þreyta endurtökupróf úr námsefni alls vetrarins við lok skólaárs. Einkunnir í endurtökuprófum eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10 og er lágmarkseinkunn á hverju endurtökuprófi 4. Standist nemandi endurtökupróf hefur hann öðlast rétt til að flytjast milli námsára. Nemandi telst fallinn á árinu ef hann mætir ekki í endurtökupróf.

Falli nemandi á einu endurtökuprófi, þá er heimilt að flytja hann á milli bekkja einu sinni á námsferlinum ef einkunnin er ekki lægri en 2 og námsgreinin er ekki aðalgrein á námsbraut hans (sjá grein 5.1).

Eftirfarandi ákvæði gildir um nemendur 4. bekkjar: Ef nemandi á málabraut óskar eftir að færa sig á náttúrufræðibraut þarf hann að þreyta endurtökupróf að vori í stærðfræði. Sömu leiðis þarf nemandi á náttúrufræðibraut sem óskar eftir færslu á málabraut að þreyta endurtökupróf að vori í ensku og latínu.

Eftirfarandi ákvæði gildir um nemendur 4. bekkjar náttúrufræðibrautar: Ef þeir hafa fallið í lesinni eða ólesinni stærðfræði og staðist önnur endurtökupróf og vegið meðaltal af lesinni stærðfræði (1/3) og ólesinni stærðfræði (2/3) er a.m.k. 4 geta þeir óskað eftir því að setjast í 5. bekk náttúrufræðideildar II en ekki aðrar deildir.

4.2. Eftir einkunnaafhendingu að vori þurfa nemendur sjálfir að átta sig á stöðu sinni hvað varðar endurtökukvaðir og bera alla ábyrgð á því. Nemendum ber sjálfum að fylgjast með því hvenær endurtökupróf eru haldin og mæta tímanlega í þau.

4.3. Einkunn í endurtökuprófi hefur engin áhrif á lokaeinkunn í greininni (sjá grein 3.1) og breytir því engu um aðaleinkunn.

5. Um aðalnámsgreinar

5.1 Eftirfarandi greinar teljast aðalnámsgreinar á brautum í Menntaskólanum í Reykjavík, sbr. grein 4.1.:

	Málabraut	Náttúrufræðibraut
4. bekkur	1. Íslenska 2. Enska 3. Latína	1. Íslenska 2. Stærðfræði 3. Efnifræði
5. bekkur	1. Íslenska 2. Enska 3. Latína (fornmálad.) / þriðja mál (nýmálad.)	1. Íslenska 2. Stærðfræði 3. Eðlisfræði (eðlisfræðid.) / líffræði (náttúrufræðid.)

6. Um stúdentspróf

6.1. Stúdentspróf eru skrifleg yfirlitspróf. Að auki eru munnleg próf í sumum greinum.

6.2. Einkunnir á stúdentsprófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 1 til 10. Aðaleinkunn á stúdentsprófi er reiknuð þannig: Reiknað er vegið meðaltal námseinkunna og vegið meðaltal prófseinkunna. Meðaltal þessara tveggja talna er aðaleinkunn á stúdentsprófi. Vægi einkunna fer eftir heildareiningafjölda í greininni öll námsárin þrjú. Ef gefnar eru fleiri en ein einkunn í grein skiptist einingafjöldinn milli þeirra.

Námseinkunn er gefin að vori í öllum stúdentsprófsgreinum og er þar tekið tillit til einkunna nemenda á jólaþrófi og frammistöðu og ástundunar um veturinn.

Fái nemandi ekki námseinkunn í tiltekinni grein (t.d. ef hann er óreglulegur) hefur prófseinkunnin yfirleitt tvöfalt vægi (þ.e. prófseinkunnin reiknast líka sem námseinkunn). Annar háttur er stundum hafður á og er þá getið um það í viðkomandi námsgrein, t.d. í íþróttum og íslenskum stíl.

Hjá nemendum, sem ljúka stúdentsprófi utan skóla, reiknast aðaleinkunnin einvörðungu sem vegið meðaltal prófseinkunna.

Hafi nemandi fengið námsgrein metna úr öðrum skóla án einkunnar reiknast hún ekki inn í aðaleinkunn.

6.3. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi þegar hann hefur gengist undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lágmarkskröfum um einkunnir:

-Aðaleinkunn að lágmarki 5,0.

-Prófseinkunn í hverri grein ekki lægri en 4.

Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi þótt tvær prófseinkunnir séu undir ofangreindu lágmarki en þó ekki lægri en 2.

Ef fall í einni námsgrein kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast með lokapróf skal leyfa honum að endurtaka próf í þeirri námsgrein í lok skólaársins.

6.4. Eftirfarandi greinum lýkur með stúdentsprófi í 4. og 5. bekk:

<i>Grein</i>	<i>Bekkur</i>
Jarðfræði	4. bekkur
Danska	4. bekkur
Tölvufræði	4. bekkur
Eðlisfræði	5. bekkur náttúrufræðideildar II
Enska og 3. mál	5. bekkur náttúrufræðibrautar
Málvísindi	5. bekkur fornmaladeildar II
Latína	5. bekkur nýmáladeilda
Líffræði	5. bekkur eðlisfræðideilda
Stærðfræði	5. bekkur málabrautar

Í 4. og 5. bekk er stúdentsprófseinkunnin lokaekinn í viðkomandi grein og reiknast því inn í aðaleinkunn (sjá grein 3.3). Stúdentsprófseinkunn færast þannig beint í lokaekinnadálkinn en ekki vorprófsdálkinn.

7. Um veikindi í prófum

7.1. Veikindi þá daga, er próf fara fram, skal tilkynna að morgni prófdags og staðfestingu frá forráðamanni vegna þeirra skilað innan þriggja daga. Þeir nemendur, sem koma ekki til prófs og boða ekki lögmat forföll, teljast hafa gengið frá prófi og hætt í skólanum.

8. Um undanþágu frá ársprófum

8.1. Sé vegið meðaltal jólaþrófseinkunna **8,5 eða hærra (án skólasóknar)** og skólasókn óaðfinnanleg á haustmisseri (a.m.k. 95%) getur nemandi sótt um það til skólaráðs að verða undanþeginn vorprófum öðrum en stúdentsprófum. **Umsókn skal hafa borist skólaráði fyrir 22. mars.** Skólaráð getur aðeins veitt slíkt leyfi einu sinni á ferli nemandans og er leyfið háð því að vegið meðaltal námseinkunna sé ekki lægra en 8,5 og skólasókn óaðfinnanleg á vormisseri. Skólaráð afgreiðir slíkar umsóknir eftir að námseinkunnir eru birtar. Ef nemandi fær undanþágu frá vorprófum þarf hann samt sem áður að taka próf í þeim greinum þar sem meðaltal jólaþrófs og námseinkunnar er minna en 8.0.

9. Um nemendur með sértæka námsörðugleika og fleiri sértílvik

9.1. Nemendur, sem greinst hafa með sértæka námsörðugleika, geta sótt um það til námsráðgjafa að tekið verði tillit til þeirra í jóla- og vorprófum. Slíkt erindi þarf að hafa borist a.m.k. 4 vikum fyrir fyrsta próf.

9.2. Nemandi, sem hverfur úr skóla, hvort sem er vegna mikilla fjarvista eða af öðrum sökum, en fær leyfi til að taka próf, hlýtur þá skólasóknareinkunn sem hann hafði þegar honum var vikið eða þegar hann hvarf úr skóla. Nemandi, sem af einhverjum sökum hverfur úr skóla eftir lok febrúar, fær námseinkunn í öllum greinum.

10. Próftökureglur

10.1. Nemendum ber að mæta tímanlega til prófs. Upplýsingar um skipan nemenda í stofur í prófunum er jafnan að finna á upplýsingatöflu í anddyri Skólahússins og ber nemandi ábyrgð á að kynna sér það. Nemendum ber einnig að fylgjast með hvenær sjúkrapróf eru haldin, ef um slíkt er að ræða.

10.2. Nemandi sem mætir of seint til prófs á ekki rétt á framlengingu próftíma.

10.3. Nemendum er með öllu óheimilt að fara inn í prófstofur fyrir upphaf prófs, þótt prófgæslumaður sé ekki mættur.

10.4. Prófgæslumenn ráða sætaskipan nemenda í prófi og er nemendum óheimilt að helga sér sérstök sæti.

10.5. Til próftöku þarf nemandi ekki neitt annað en skriffæri sín (auk leyfðra hjálpargagna í einstökum prófum). Nemendur hengja yfirhafnir á snaga eða fatahengi sem í stofunni eru og leggja þar undir poka eða töskur sem þeir kunna að hafa.

10.6. Ekki má hafa neitt á prófborði annað en skrifföng og prófgögn. Pennaveski eiga að vera á gólfi við hlið borðsins.

10.7. **Nemendur skulu slökkva á farsímum og setja á gólf við hlið borðsins.** Bannað er að hafa farsíma og snjallúr á sér í prófi. Ef nemandi er staðinn að því að vera með farsíma eða snjallúr á sér er það jafngilt prófsvindli.

10.8. Algjör þögn og ró skal ríkja í prófsal.

10.9. Óheimilt er að skila úrlausn fyrr en liðnar eru **60 mínútur af próftímanum.**

10.10. Ef nemandi skilar prófi áður en próftíma lýkur og yfirgefur prófstofu, skal hann sýna tillitssemi og gæta þess í hvívetna að valda ekki ónæði í grennd. Nemendum er óheimilt að dvelja framan við prófstofur eða annars staðar þar sem þeir geta valdið ónæði meðan próf stendur yfir.

10.11. Nemandi, sem staðinn er að svindli í prófi, fær ekki að taka fleiri próf á því námsári.

10.12. Brot á próftökureglum geta valdið brottrekstri úr skóla.

11. Um prófsýningu, birtingu einkunna, varðveislu prófúrlausna og fleira

11.1. Um prófsýningu, birtingu einkunna, varðveislu prófúrlausna, ágreining um námsmat, meðferð mála og meðferð persónuupplýsinga vísast til ákvæða *Aðalnámskrár framhaldsskóla*.

11.2. Óski nemandi eftir gögnum tengdum námsframvindu hans (t.d. ljósriti af prófúrlausnum eða prófverkefnum) skal gera það skriflega. Skólinn áskilur sér rétt til sanngjarnrar gjaldtöku fyrir slíka þjónustu.

11.3. Nemendur fá aðgang að Innu, upplýsingakerfi framhaldsskólanna, og geta þar fylgst með námsferli sínum. Slóðin er nemendur.inna.is.

Um tilkynningaskyldu nemenda

1. Ákveði nemandi að hætta námi við skólann ber honum að tilkynna skrifstofu skólans það tafarlaust. Ef nemandinn eru undir 18 ára aldri þarf skriflega staðfestingu forráðamanns.

2. Þeir nemendur, sem hafa fallið á árinu og hyggjast sitja aftur í sama bekk, þurfa að tilkynna skrifstofu skólans það fyrir 7. júní. Að öðrum kosti er ekki víst að hægt sé að tryggja þeim skólavist.

3. Þeir nemendur, sem staðist hafa próf en hyggjast skipta um skóla eða gera hlé á námi (t.d. skiptinemar), þurfa að tilkynna slíkt fyrir 7. júní.

Um styrki og verðlaun

Svo sem við er að búast í gamalli stofnun hafa smám saman orðið til allmargir sjóðir við skólann sem gamlir nemendur og aðrir velunnarar skólans hafa stofnað.

Verðbólgan hefur í flestum tilvikum leikið þessa sjóði grátt svo að upphæðir, sem úr þeim eru veittar á hverju ári, eru lágar en heiðurinn þá kannski þeim mun meiri sem sjóðurinn er eldri.

Úr langflestum þessara sjóða eru veitt verðlaun fyrir ágæta frammistöðu á prófi.

Verðlaunasjóðir eru:

Legatssjóður dr. Jóns Þorkelssonar fyrir hæstu einkunn á stúdentsprófi.

Verðlaunasjóður P.O. Christensens lyfsala og konu hans fyrir frábær námsafrek (veitt fyrir næsthæstu einkunn á stúdentsprófi).

Gullpennasjóður, sjá síðar.

Minningarsjóður Jóhannesar Sigfússonar yfirkennara fyrir hæstu samanlögðu árseinkunn og prófseinkunn í sagnfræði á stúdentsprófi.

Minningar- og verðlaunasjóður dr. phil. Jóns Ófeigssonar fyrir hæstar einkunnir við árspróf og stúdentspróf.

Verðlaunasjóður 40 ára stúdenta frá 1903 fyrir hæstu einkunn í latínu við stúdentspróf.

Minningarsjóður Páls Sveinssonar yfirkennara fyrir frábæra þrúðmennsku og stundvísi.

Minningarsjóður Skúla læknis Árnasonar fyrir góða frammistöðu í latínu við stúdentspróf (oft veitt fyrir næsthæstu einkunn).

Minningar- og verðlaunasjóður Þorvalds Thoroddsens fyrir ágæta kunnáttu í náttúrufræði.

Minningarsjóður Pálma rektors Hannessonar fyrir vel unnin störf á sviði náttúrufræði, íslensku og tónlistar.

Minningarsjóður Boga Ólafssonar yfirkennara fyrir hæstu meðaltalseinkunn í ensku á stúdentsprófi.

Minningarsjóður Sigurðar Thoroddsens fyrir ágæta kunnáttu í stærðfræði í máladeild við stúdentspróf.

Minningarsjóður Kristins Ármannssonar rektors og konu hans til styrktar efnilegum stúdent til framhaldsnáms.

Minningarsjóður Jóhannesar Sæmundssonar íþróttakennara fyrir ágæta frammistöðu í íþróttum og félagsstörfum.

Minningarsjóður dr. Björns Guðfinnssonar fyrir ágæta kunnáttu í íslenskum fræðum og málfræði í 4. bekk.

Íslenskusjóður fyrir bestu ritgerð við árspróf 5. bekkjar.

Verðlaun frá 50 ára stúdentum 1986 fyrir frábæra kunnáttu í íslensku.

Þá veitir skólinn og ýmis félög bókaverðlaun fyrir ágætan árangur.

Gullpennasjóður efnir til ritgerðasamkeppni fyrir VI. bekkinga og getur veitt áletraðan penna í verðlaun fyrir bestu ritgerðina.

Úr **Bræðrasjóði** eru veittir styrkir þeim nemendum sem eiga við bágan fjárhag að stríða, og koma þá fyrst til álita þeir sem ekki njóta annarra styrkja, svo sem dreifbýlisstyrkja. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans. Umsóknir berist rektor fyrir 1. mars.

Úr **Aldarafmællissjóði** eru veittir styrkir eftir fjárhag sjóðsins efnalitlum en efnilegum stúdentsefnum eða öðrum án umsóknar.

Minningarsjóður Sigþórs Bessa Bjarnasonar stærðfræðings fyrir frábæra kunnáttu í tölvufræðum.